

Sb. 582. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]
um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Flm.: Egill Jónsson, Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum með það fyrir augum að nýta sem best ár og vötn svo og að nýta ferskt vatn, heitt og kalt, til fiskeldis.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2. Auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum, m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi.
3. Komið verði á samræmingu í fjárveitingu til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði eflur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli.

Greinargerð.

Á Íslandi eru um 250 ár, sem lax og silungur gengur í, og um 800 stöðuvötn stærri en 0.3 km² að flatarmáli. 82 þessara vatna eru yfir 1 km² að flatarmáli. Í flestum þessum vötnum lifir silungur að staðaldri og í mörg þeirra gengur lax og silungur úr sjó.

Lax er afar verðmætur fiskur hvort heldur er á markaði eða til stangaveiði. Verðmæti laxveiðinnar er áætlað árið 1978 1.2 millj. kr. og hefur þá vafalaust ekki allt verið talið.

Um verðmæti silungsveiði er minna vitað þrátt fyrir eftirgrennslan þar um.

Mest er um lax á vestari hluta landsins, þegar Vestfirðir eru frátaldir, enda laxrækt þar stunduð um langan tíma. Fyrir áhrif ræktunar hefur laxveiðin aukist um 80% milli áratuganna 1961—1970 og 1971—1980. Gefur auga leið, að hér er hægt að ná enn betri árangri með skipulögðum aðgerðum og auknu fjármagni.

Silungsveiði í stöðuvötnum hefur verið matarhirsla sem þjóðin hefur sótt sér björg í um aldaradur, en á síðustu áratugum hefur veiðisókn í vötnin minnkað verulega og veiði víðast hvar litið verið stunduð að undanfögnu. Með skipulagðri nýtingu og markaðsöflun má stórauka nytjar af silungsveiði.

Á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna hefur á síðustu árum byggst merk starfsemi á sviði veiðimála. Þar hefur helst að nefna fiskræktar- og veiðifélög. Nú eru starfandi rúmlega 146 veiðifélög víðs vegar um landið, sem sjá um fiskrækt og ráðstöfun veiði hvert á sínu svæði.

Veiðifélög mörg hver hafa staðið vel að sínum málum og skilað góðu starfi. Þau hafa stofnað með sér öflugt landssamband, Landssamband veiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum félaganna.

Þá eru enn fremur starfandi tugir stangveiðifélaga, sem leigja ár og vötn til stangaveiði og vinna ásamt veiðifélagunum að fiskrækt. Stangveiðifélagin hafa einnig með sér samband, Landssamband stangveiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum þeirra.

Starfandi eru í landinu 12 fiskeldisstöðvar auk nokkurra hafbeitarstöðva. Þessi starfsemi hefur átt í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna skorts á lánsfé til uppbyggingar. Starfsemi fiskeldisstöðvanna er afar mikilvægur þáttur í fiskræktarmálum, þar sem til þeirra verður að sækja seiði til fiskræktar og hafbeitar.

Þáttur hins opinbera kemur einkum fram í starfi Veiðimálastofnunarinnar. Þar hefur einkum verið unnið að uppbyggingu veiðimála með leiðbeiningum, athugun á ám og vötnum, rannsóknum á vatnafiskum, þ. e. laxi og silungi og með eldi þeirra fiska í tilraunastöðinni í Kollafirði svo og með hafbeit. Þetta starf hefur leitt af sér margháttaðan fróðleik og athyglisverðar niðurstöður, þrátt fyrir að starfsemin hafi jafnan búið við þröngan kost.

Í veiðimálum er þegar fyrir hendi mikil þekking og reynsla til að grundvalla á nýtt og víðtækt átak í veiðimálum, m. a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnu sveitafólks. Til þess að svo verði þarf með auknum leiðbeiningum að koma þeirri þekkingu, sem nú er til staðar, til þeirra, sem ekki hafa enn nýtt þá möguleika sem kunna að vera víða um land og enn eru ekki nýttir, jafnframt því sem nýrrar þekkingar er aflað með auknum rannsóknum og tilraunum, enn fremur sé þess gætt, að öll þessi mikilvæga starfsemi í fiskræktarmálum njóti nauðsynlegs fjármagns til uppbyggingar og rekstrar.

Hér er fjallað um mikilvægt mál og reynir nú á, hvort á vettvangi hinnar almennu umræðu fylgir hugur máli um gagnsemi þess að byggja upp öflugt og víðtækt starf til eflingar fiskræktarmálum í landinu.